

A 1831/velfærd

Flytjandi	Norrænt frelsi
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um samnorrænar reglur um forsjárdeilur og deilur um umgengnisrétt sem teygja sig yfir landamæri

Tillaga

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær kanni fjölda forsjárdeilna og deilna um umgengnisrétt sem teygja sig yfir landamæri innan Norðurlanda

að þær kanni hvort sú staðreynd að foreldrarnir hafi búsetu hvort í sínu landi hafi í för með sér mismunun þegar til dæmis hegðun eða aðstæður annars foreldrisins geta verið skaðlegar fyrir barnið

að þær kanni reglur varðandi framfærslu þess foreldris sem vegna yfirstandandi málareksturs neyðist til að dveljast í öðru norrænu landi en heimalandi sínu

að þær kanni hvaða starfsvenjur gildi í sambandi við barnabætur/franfærslustyrki hvað varðar búsetuland barnsins annars vegar og foreldranna hins vegar

að þær kanni á hvaða vettvangi sé fjallað um þessi mál og hvaða venjur gildi í hverju af norrænu löndunum

að þær vinni að því að samræma og skýra þessar reglur til að tryggja öryggi foreldra og barna í þessari stöðu

Bakgrunnur

Dæmi um álitaeefnið er forsjármál vegna tveggja og hálfis árs barns í Noregi sem eftir langa mæðu hefur verið úrskurðað í, föðurnum í hag, en þar sem málið teygði sig yfir landamæri átti faðirinn, sem er danskur ríkisborgari, hvorki rétt á barnabótum né dagvistun í Noregi á meðan áfrýjunarmál sem móðirin höfðaði var rekið fyrir norskum dómstólum.

Á sama tíma missti faðirinn allar tekjur sínar frá Danmörku, ásamt íbúð og fleira, vegna þess að móðirin áfrýjaði dómi réttarins og dróst það fram á síðasta dag áfrýjunarfrests. Á meðan málarekstrinum stóð þurfti faðirinn að dveljast í Noregi til að vera í betri stöðu með tilliti til niðurstöðu í málinu. Faðirinn þurfti að dveljast í



Noregi þrátt fyrir að hann hefði orð bæði lögreglu og réttarins fyrir því að móðirinn skaðaði barnið. Á meðan beðið var úrslita í áfrýjunarmálinu mátti hann ekki taka barnið með sér til Danmerkur.

Norrænt frelsi telur mál af þessu tagi skaða bæði foreldra og börn og álitur að foreldri í norrænu landi eigi ekki að geta fært sér í nyt að viðkomandi hafi búsetu í öðru norrænu landi en forsjárhafi eða að hægt eigi að vera að nýta sér möguleikann á áfrýjun til að „svelta“ gagnaðilann vegna þess að málið teygir sig yfir landamæri.

Því er það álit Norræns frelss að norrænu löndin eigi í sameiningu að semja reglur sem tryggja að ríkisborgarar í norrænum löndum sitji við sama borð í málum af þessu tagi.

Stokkhólmi, 29. október 2019

Angelika Bengtsson (SD)

Aron Emilsson (SD)

Kaisa Juuso (saf)

Liselott Blixt (DF)

Lulu Ranne (saf)

Paula Bieler (SD)

Riikka Purra (saf)

Vilhelm Junnila (saf)